


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jesús læknar blindan mann



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Alastair Paterson; Janie
Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen
Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org


BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2020 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Blindur maður sem hét Bartímeus, sat við veginn nálægt Jeríkó. Líklegt er að góðhjartað fólk sem var gengið framhjá, hafi gefið honum matarbita eða kannski smápening því hann var fátækur betlari.



Dag nokkurn var mikil umferð, og heyrði Bartímeus er hópur fólks gekk framhjá. Eitthvað óvenjulegt var að ske og fyrr en varði skildist blinda manningum hvað það var. Jesús frá Nasaret var kominn í bæinn. Hópur fólks safnaðist saman til að sjá hann og heyra.



"Jesús, sonur Davíðs, miskunna þú mér!" Hví skyldi Bartímeus hafa hrópað? Af hverju hélt hann að

Jesús gæti hjálpað honum? Kannski

að hann hafi heyrt að Jesús

hafði læknað aðra. Suma

heyrnarlausu, suma mállausu,


suma örkuðla - og suma

blinda eins og hann. "Sonur

Davíðs, miskunna þú mér."

Hrópaði Bartímeus aftur og


aftur með von í röddinni.






Eitt var það sem
Bartímeus var viss
um. Ef hann ekki
fengi hjálp núna, gæti
þetta verið hans
síðasta tækifæri.
Kannski mundi Jesús
aldrei koma þessa leið
aftur.






Hann varð að ná sambandi við Jesú. En fólk var í veginum. Margir höstuðu á hann og sögðu honum að þegja.








En Bartímeus hlustaði ekki, heldur hélt hann áfram að hrópa. Skyndilega nam Jesús staðar og lét kalla á hann. "Vertu hughraustur," sagði fólkið. stattu upp, hann er að kalla á þig."




Bartímeus reis upp, kastaði af sér yfirhöfn sinni, og kom til Jesú.




"Hvað viltu að ég geri fyrir þig?"
spurði Jesús. Hverju mundir þú hafa
svarað? Mundir þú kannski hafa beðið
um peninga, eða ný föt?



Nei, Bartímeus blindi vissi hvað hann vildi, og hann var ekki í neinum vafa um hvað það var. "Drottinn, að ég fái aftur sjón mína." Bartímeus þráði að geta séð aftur trén, og fuglana, og alla hina dásamlegu fegurð sköpunar Guðs. Hann vildi geta séð aftur svo hann ekki þyrfti að betla lengur.



Þá sagði Jesús við hann, "Far þú heill, trú þín hefur frelsað þig."



Jafnskjótt
fékk hann
sjónina, og
fylgdi Jesú.
"Jesús er
undursam-
legur!
Hann hefur
læknað
mig!" sagði
Bartímeus.



Þegar fólk sá hvað
skeið hafði, lofsöng
það Jesú. Fólk
hafði orðið vitni, einu
sinn enn, að hinum
undursamlega krafti
Jesú, er hann gaf
blindum betlara sjón.



Jesús læknar blindan mann

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Markúsi 10, Lúkasi 18, Jóhannesi 9

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."

Sálmarnir 119:130





Endir

50

60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

